

Nd.

386. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um þetta mál. Minni hlutinn telur, að ábyrgðarheimild sú, sem farið er fram á í frv., sé eðlileg í alla staði. Allir kaupstaðir á landinu, sem lagt hafa út í vatnsvirkjanir, hafa fengið ríkisábyrgð, enda hafa þeir allir haft samráð við trúnaðarmenn ríkisins um allan undirbúning verksins. Nú stendur eins á um bæjarstjórn Siglufjarðar; hún hefur ákveðið að ráðast í virkjun og leitaði, áður en sú ákvörðun var tekin, til beztu kunnáttumanna hér á landi um þessi mál, einkum Steingríms Jónssonar, rafmagnsstjóra, og Jakobs Gíslasonar, forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins. Bæjarstjórn hafði fulla ástæðu til þess að ætla, að hún gæti treyst því, að hún fengi ríkisábyrgð fyrir nauðsynlegum lánnum til virkjunarframkvæmda, og byggði það aðallega á því, að Alþingi hefur með samþykkt laganna um virkjun Fljótaár þegar veitt kaupstaðnum heimild til virkjunarinnar, sbr. 1. gr. þeirra laga. Eftir að þau lög voru sett og raunar eftir setningu vatnalaganna þarf Alþingi með sérstakri lagasetningu að svipta Siglufjarðarkaupstað virkjunarheimild, ef það vildi hindra virkjunina. Minni hlutinn telur það óviðurkvæmilegt, ef Alþingi, eftir að það hefur veitt Siglufjarðarkaupstað með sérstökum lögum heimild til að virkja, færi nú að hindra kaupstaðinn í virkjun með því að neita honum um þá ábyrgð, sem öll önnur bæjarfélög hafa orðið aðnjótandi í sömu kringumstæðum.

Nefndin sendi frv. þetta til millipinganefndar í raforkumálum, sem hefur nú lagt gegn því, að frv. yrði samþykkt. Minni hlutinn telur röksemdafærslur millipinganefndarinnar vafasamar. Á þessu stigi málsins teljum við ekki ástæðu til þess að fara út í ýtarlegar rökræður, en viljum aðeins taka það fram, að samkv. upplýsingum frá Steingrími Jónssyni, rafmagnsstjóra, og rafmagnseftirliti ríkisins verður verð pr. kw á Siglufirði miklu herra, ef það væri eftir tillögum millipingan. í stað þess að virkja Fljótaá. Samkvæmt áli Steingríms Jónssonar og rafmagnseftirlitsins er virkjun Fljótaár hagkvæmasta og ódýrasta leiðin til þess að bæta úr rafmagnsskorti Siglufjarðar. Loks vill minni hl. nefndarinnar taka það fram, að samkv. upplýsingum sömu aðila kemur virkjun Fljótaár á engan hátt í bága við heildarskipulag rafmagnsmála í landinu, heldur þvert á móti yrði sú virkjun nauðsynlegur liður í því háspennukerfi, sem búast má við, að í framtíðinni verði komið upp út frá virkjunum í Laxá og öðrum fallvötnum á þessu svæði norðanlands.

Að öllu þessu athuguðu viljum við leggja það til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febr. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson,
form., frsm.

Einar Olgeirsson.